

## Minnisblað

### Svar við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar og Vinstri grænna

Á fundi fjölskylduráðs þann 13. janúar 2017 lögðu fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna fram eftirfarandi fyrirspurn:

*Hversu margir fatlaðir einstaklingar á biðlista eftir húsnæðisúrræði í Hafnarfirði hafa náð fullorðinsaldri, búa enn í foreldrahúsum og hvað þeir hafa beðið að meðaltali lengi eftir viðeigandi úrræði?*

Í desember 2016 voru alls 36 fatlaðir einstaklingar, sem bjuggu í foreldrahúsum og höfðu náð 18 ára aldri, á biðlista eftir húsnæði í Hafnarfirði. Þar af voru 17 tilbúnir til að flytja strax úr foreldrahúsum ef viðeigandi húsnæði biðist en 19 einstaklingar voru ekki tilbúnir til að flytja strax að heiman, en huga að flutningi úr foreldrahúsum á næstu árum.

Af þessum 36 höfðu flestir verið á biðlista í 3 ár eftir húsnæði.

<b>Bið eftir húsnæði:</b>	<b>Fjöldi</b>
0-2 ár	8
3 ár	15
4-5 ár	5
Lengur en 6 ár	8
<b>Alls:</b>	<b>36</b>

Hafnarfjörður 24. janúar 2017